

FÉLAG HÁSKÓLAKENNARA

KT. 570172-0699 SÍMI 694770
HÁSKÓLA ÍSLANDS 101 REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. P 120/1568

komudagur 18/4 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Guðjón Rúnarsson, nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll

Efni: Umsögn um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, heildarlög.

Bandalag háskólamanna sendir efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um frumvarpið sem Félag háskólakennara stendur að. Félagið vill auk þess koma á framfæri nokkrum áhersluatriðum.

Félag háskólakennara leggur áherslu á að frumvarpið verði dregið til baka og að viðræður um breytingar á réttindum og kjörum starfsmanna ríkisins fari fram í tengslum við kjarasamninga. Ýmsum réttindum opinberra starfsmanna hefur verið jafnað til launa og því er óeðlilegt að fjalla um breytingar á réttindum án þess að um leið sé samið um laun og önnur kjör. Mikilvægt er að áunnin réttindi séu ekki tekin af fólki með einhliða ákvörðunum.

Þótt frumvarpið geri aðallega ráð fyrir að fólk sé svipt réttindum án bóta er þó gert ráð fyrir að það haldi sumum af þeim réttindum sem það nú hefur s.s. skipun í starf, en þeir sem ráðnir verða eftir breytingu hafi ekki slík réttindi. Þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsmenn hins opinbera séu með mismunandi ráðningarréttindi ætti einnig að vera gert ráð fyrir að launakjör séu mismunandi. Dæmi er um það erlendis frá að breytingar hafi verið gerðar á réttindum opinberra starfsmanna og hafa þá þeir sem eru nýráðnir verið með hærri laun vegna minni réttinda. Ekkert slíkt virðist eiga að gilda hér á landi heldur á að svipta starfsmenn ríkisins réttindum með lagaboði án bóta.

Á almennum fundi í Félagi háskólakennara var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Almennur fundur í Félagi háskólakennara haldinn 26. mars 1996 krefst þess að ríkisstjórnin dragi þegar í stað til baka frumvörpin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur sem fela í sér mikla skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. Kjarasamningar opinberra starfsmanna hafa um langan tíma tekið mið af þessum réttindum og væri það því ígildi uppsagnar á kjarasamningi af hálfu ríkisins ef frumvörpin ná fram að ganga.

Fundurinn mótmælir harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og þeirri lítilsvirðingu sem starfsmönnum ríkisins er sýnd með frumvörpunum.

Þrátt fyrir þá meginkröfu að frumvarpið sé dregið strax til baka vill stjórn F.h. gera nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins og benda á nokkra þætti sem eru óljósir og óvíst er hvernig á að framkvæma.

9. gr.

Gert er ráð fyrir að forstöðumenn stofnana geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum „... sem ákvörðuð eru eða samið um ...“. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir að þetta gildi bæði um þá sem fá laun skv. ákvörðun kjaranefndar og samkvæmt kjarasamningi. Þetta

virðist í fljótu bragði vera í ósamræmi við lög um kjaranefnd þar sem gert er ráð fyrir að hún ákvarði heildarlaun, úrskurði hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Þetta ákvæði 9. greinar þarf því útskýringar við. Ef horft er til Háskólans í þessu sambandi er ekki ljóst hvernig framkvæma á slíkt ákvæði og hvort reiknað er með að háskólaректор sé forstöðumaður stofnunar skv. þessu eða hvort forstöðumenn stofnana, deildarforsetar eða skorarformenn séu forstöðumenn í skilningi þessa ákvæðis.

Ekki er heldur ljóst hvers konar reglur fjármálaráðherra getur sett um þessar greiðslur sem geta orðið til þess „... að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun.“ Hingað til hafa lagaákvæði um að ekki megi mismuna konum og körlum í launum ekki orðið til að tryggja konum launajafnrétti á við karla.

12. grein.

Í 12. grein frumvarpsins er tekið fram að starfsmenn eigi rétt til launa í fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið. Í athugasemdum við greinina segir að þetta myndi þýða að um réttindi þeirra færi með sama hætti og annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði og greiðslur í fæðingarorlofi fari því samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hér er því um töluverðar breytingar að ræða. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem falla undir núgildandi ákvæði haldi þeim réttindum „... uns laun í veikindaförðum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið...”.

Væntanlega er þarna verið að vísa til þeirrar endurskoðunar á lögnum um fæðingarorlof sem nú er í gangi. Það litla sem heyrst hefur af því starfi bendir ekki til þess að réttindi þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði muni batna heldur virðist það vera ætlunin að „jafna niður á við“ eins og það hefur verið kallað. Félag háskólakennara hefur lagt á það áherslu að bæta réttindi í fæðingarorlofi. Í bókun með kjarasamningi frá haustinu 1995 er lögð áhersla á að réttur þeirra sem fá laun greidd af styrkjafé verði sá sami og almennt gerist hjá hinu opinbera. Þessi grein frv. boðar því mikla afturför.

Opinberlega hefur því verið haldið fram af hálfu fulltrúa fjármálaráðuneytisins að ekki sé ætlunin að breyta núgildandi fyrirkomulagi um fæðingarorlof. Ef það er rétt er eðlilegra að segja það skýrt í lögum hver lágmarksrétturinn er og að heimilt sé að semja um betri rétt. Óeðlilegt er að kveða á um það í bráðabirgðaákvæði að greinin gildi ekki.

Greinin gæti orðast svo að því er varðar fæðingarorlof: (sbr. reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins 410/1989):

Vegna barnsburðar skal starfsmaður sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í 6 mánuði fyrir fæðingu barns, eiga rétt á 6 mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum sem stöðunni fylgja, enda sé ráðningunni ætlað að standa a.m.k. þann tíma.

Fyrstu 3 mánuði í barnsburðarleyfi svo og í framlengdu leyfi vegna fíerburafæðingar eða sjúkleika barns, skal auk dagvinnulauna greiða meðaltal þeirrar yfirvinnu-, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálagsstunda sem greiddar voru starfsmanni síðusta 12 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu áður en barnsburðarleyfi hófst.

Heimilt er að semja um eða ákvarða betri kjör og réttindi í barnsburðarleyfi.

Á sama hátt þyrfti að taka af öll tvímæli varðandi veikindarétt.

20. grein

Gert er ráð fyrir að þrengja möguleika starfsmanna til að sinna ýmsum aukastörfum samhliða starfi sínu. Stjórn F.h. getur út af fyrir sig tekið undir slík sjónarmið en um leið verður að tryggja starfsmönnum viðunandi laun fyrir sín aðalstörf. Ekki er ljóst um hve mikla þrenginu er að ræða frá núgildandi fyrirkomulagi og ekki ljóst hvað átt er við með „...starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans ..“; Fjölmarginir félagsmenn í F.h. gegna ýmsum aukastörfum utan og innan HÍ sem í flestum ef ekki öllum tilvikum tengjast störfum þeirra með beinum eða óbeinum hætti. Það er því með öllu óljóst hvað af þeim störfum yrðu skilgreind sem ósamrýmanleg og eftir hverju á að fara í því sambandi. Þröng túlkun á þessu ákvæði gæti þýtt verulega kjaraskerðingu fyrir marga félagsmenn F.h.

22. grein.

Greinin fjallar um það hverjir teljist embættismenn og í athugasemdum segir að stefnt sé að því að embættismenn teljist þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu. Samkvæmt þessu ætti þessi grein ekki að snerta Félag háskólakennara. Í 10. tölulið greinarinnar segir að þeir skulu vera embættismenn sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands. Próffessorar við HÍ eru skipaðir í störf af forseta Íslands og hefur fundur próffessora ályktað í þá veru að þeir skuli teljast embættismenn aðallega með þeim rökum að hag þeirra verði betur borgið ef kjaranefnd ákvarði laun þeirra en í samningum við ríkið. Háskólaráð ályktaði á fundi sínum 28. mars að það „...telur stöðu próffessora Háskólans sem embættismanna skipta sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknastofnunar.“.

Stjórn F.h. telur ekki þann mun á störfum próffessora og dósentar og lektora að staða þeirra sé svo mismunandi sem ætla mætti af samþyktni. Í ályktun próffessora er fyrst og fremst lögð áhersla á léleg launakjör og þeirri vissu að kjaranefnd muni bæta kjör þeirra. Það er umhugsunarvert að launastefna ríkisins skuli vera með þeim hætti að launamenn telji hag sínum betur borgið með því að afsala sér samningsrétti en láta nefnd án aðildar launamanna ákvarða laun sín.

Ennfremur er það óljóst hvort staða próffessora breytist gagnvart öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands á einhvern hátt við það að próffessorar verði embættismenn í anda frumvarpsins en aðrir starfsmenn ekki.

Meginsjónarmið félagsins er að við allar þær breytingar sem gerðar kunna að vera á stöðu háskólakennara verður að horfa til sameiginlegra hagsmuna allra félagsmanna. Í því sambandi má benda á að við núverandi aðstæður er ekki munur á starfsskyldum lektora, dósentar og próffessora við HÍ þótt próffessorar einir séu kjörgengir til æðstu stjórnar Háskólans. Því er áhorfsmál hvort það samræmist orðalagi laganna að próffessorar einir verði embættismenn í framtíðinni (sbr. orðalagið: „...störfum sem öldungis verður jafnað til embætta...“).

Í lögum um Háskóla Íslands eru ákvæði sem heimila að lektor geti fengið framgang í stöðu dósentar og að dósent geti fengið framgang í próffessorsembætti eftir ákveðnum reglum sem háskólaráð setur. Ekki er ljóst hvort slík ákvæði geta staðið áfram og að dósentar geti orðið próffessorar og þar með embættismenn með sama hætti og nú er eða hvort settar verði einhverjar hömlur á fjölgun próffessora.

47. og 48. grein.

47. gr. gerir m.a ráð fyrir að starfsmenn sem kjósa að standa utan stéttarféлага skuli njóta sömu kjara og réttinda og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Í 48. grein er kveðið á um heimild til að gera verkfall. Ekkert kemur fram um að starfsmenn sem kjósa að vera utan stéttarféлага skuli fylgja þeim sem semur um kaup þeirra og kjör í verkfalli né heldur um að stéttarfélag geti krafist samningsgjalds af þeim. Það má skilja þetta svo að þeir sem standa utan stéttarféлага eigi aðeins að nota þjónustu stéttarfélaganna og þeirra kjara sem það semur um en ekki að greiða neitt fyrir né heldur fara í verkfall ef stéttarfélagið ákveður slíkt. Þetta mun að öllum líkindum verða til þess að stéttarfélög opinberra starfsmanna lamast ef niðurstaðan verður sú að hluti starfsmanna getur unnið í verkfalli og þarf ekki að taka þátt í þeim kostnaði sem fylgir kjaraviðræðum og framkvæmd kjarasamninga,

49. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að skjóta ákvörðunum skv. lögnum til æðra stjórnvalds. Í athugasemd við greinina kemur fram að þetta sé gert til að undirstrika sjálfstæði forstöðumanna stofnana. Á þessi rök getur stjórn F.h. ekki fallist. Stjórnsýslulög eiga að gilda um starfsmenn ríkisins og óeðlilegt að með þessum lögum séu þeir sviptir rétti til að skjóta máli sínu vegna framkvæmda laganna til æðra stjórnvalds.

Reykjavík 17. apríl 1996

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags háskólakennara


Guðvarður Már Gunnlaugsson